



## Skólaárið 2017-2018

*Fyrsti (1) fundur skóla- og foreldraráðs haldinn í skólanum 6. september 2017 kl. 8-9.*

Mætt voru: Gunnþór skólastjóri, Heike fulltrúi grunnskólakennara, Hanna fulltrúi leikskólakennara, Elín fulltrúi annars starfsfólks, Kristín fulltrúi foreldra grunnskólabarna, Sigurður fulltrúi foreldra leikskólabarna og grenndarsamfélags *boðaði forföll.*

1. Skólanámskrá/starfsáætlun 2017-2018 lögð fram til samþykktar eftir smávægilegar breytingar í sumar.
2. Rætt um starfs- og fjárhagsáætlunargerð fræðsluviðs 2018. Farið yfir helstu verkefni næsta árs sem og vinnu við fjárhagsáætlun.
3. Handbók um skólaráð er komin á heimasíðu skólans þar sem má lesa allt um hlutverk skólaráðs og skipan.
4. Farið yfir aðalskoðun BSI á leiksvæðum skólans sem og athugasemdir og úrbótaáætlun. Almennu eru svæðin góð og örugg, smávægilegt slit hér og þar auk hefðbundins viðhalds s.s. málningarvinna. Næsta aðalskoðun er 2018.
5. Rætt um brunavarnir en hefðbundin rýmingaræfing fór fram 5. september með slökkviliði í skóla og félagsheimili. Næsta æfing er í janúar. Allar aðrar áætlanir eru uppfærðar á heimasíðu.
6. Skólinn er einn umsagnaraðila um breytingu á landnotkun í aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar vegna íbúðarhúss við skóla. Eigendur hyggja á byggingu hesthúss. Skólinn fær nýja skipulagslýsingu til umsagnar og telur skólaráð eðlilegt að fá hana í hendur sem umsagnaraðili skólans.

Fleira ekki gert, næsti fundur boðaður í janúar.  
fundargerð ritaði Gunnþór skólastjóri